

Mál nr. 105/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna fiskiskipatryggingar X vegna skipsins Z.****Árekstur báta í Flateyrarhöfn 8. mars 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 18.4.2016 ásamt húftryggingarskilmálum fyrir íslensk fiskiskip.

Bréf X dags. 22.4.2016.

Málsatvik.

Í tjonstilkynningu frá X til V, dags. 9. mars 2016 kemur fram eftirfarandi tjonslýsing: „[B] fer að mæla oliu á bátnum og á meðan leysir hásetinn landfestar og er [B] startar vél í gang, er vélin kúpluð inn því einhver hefur rekið sig í útskiptingu þanni að báturinn tekur kipp og lendir á [A] og veldur tjóni á rekkverki og festingum beitningatrekt.“

M telur að þessi lýsing sýni að greiða eigi bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjónsins og vísar til þess að sambærileg málsatvik og svipuð tjón hafi leitt til bótaskyldu tryggingafélags tjónvalds.

V telur að skilyrði gr. 25.1 í C-lið váttryggingarskilmála váttryggingar X séu ekki uppfyllt, en hún hljómi þannig að váttryggingin bæti „Tjón, sem váttryggt skip veldur með árekstri og tjón sem verður á annan hátt við stjórnun þess, enda sé um beint líkamstjón eða munatjón sem váttryggður veldur með saknæmum og ólögum hætti.“ V telur ekki sé sýnt að nokkur hafi verið við stjórn skipsins þegar tjónið varð en það sé áskilið skv. skilmálaákvæðinu. V telur að það sé heldur ekki sýnt að það hafið orðið mistök við stjórnun skipsins og skipstjóri þess hafi ekki mátt ætla að skipið hrykki af stað við gangsetningu vélar, auk þess sem ekki væri hægt að útiloka skyndilega og ófyrirséða bilun í búnaði vélarinnar sem hafi leitt til þessa. Sönnunarbyrði um mistök eða saknæma háttsemi hvíli á og hún hafi ekki verið uppfyllt og verði tjónið því rakið til óhappatilviljunar sem X ber ekki ábyrgð á.

Í málinu liggur einnig fyrir bréf frá Verði tryggingum hf., váttryggjanda M, þar sem kemur fram að félagið telur að skilyrði um skaðabótaábyrgð X séu uppfyllt og greiða eigi bætur úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Álit.

Í málinu liggur fyrir lýsing skipstjóra í tjonstilkynningu á aðstæðum þegar skipið Z lenti utan í öðru skipi (A), sem skemmdist við það. Sú lýsing ber með sér að þegar vél skipsins er sett í gang þá hafi skipting þess verið þannig stillt að báturinn tók kipp við gangsetningu. Verður að ætla að stjórnandi skipsins, skipstjórinn, beri ábyrgð á því að skipið sé ekki gangsett nema búnaður skipsins sé rétt stilltur. Honum bar því að sjá til þess að svo væri fyrir gangsetningu og er það ótvíræður þáttur í stjórnun skipsins. Það að þess hafi ekki verið gætt er gáleysi af hans hálfu og eru skilyrði gr. 25.1 í C-lið váttryggingarskilmála fiskiskipatryggingar X því ótvírætt uppfyllt m.t.t. þess að tjón hafi orðið vegna saknæmrar og ólögumtrar háttsemi váttryggðs. Greiðsluskylda hefur því stofnast úr fiskiskipatryggingu X hjá V vegna tjóns M.

Niðurstaða.

Bætur greiðast úr fiskiskipatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.